4
4. marz

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Stórabretlands um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af hagnaði af skipaútgerð.

Ríkisstjórnir Íslands og Stórabretlands hafa þann 27. apríl 1928 gert með sér samkomulag til þess að tryggja gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti í vissum tilfellum, er um arð af skipaútgerð er að ræða, svohljóðandi:

Konungleg ríkisstjórn Íslands og stjórn Hans Hátignar Bretakonungs á Stóra-Bretlandi óska að tryggja gagnkvæmar undanþágur frá tekjuskatti í vissum tilfellum, er um arð af skipaútgerð er að ræða, og hefir því orðið samkomulag um eftirfarandi samning:

1. grein.

Stjórn Hans Hátignar Bretakonungs á Stóra-Bretlandi fellst á að gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 18. grein laga hins sameinaða konungsríkis, sem ganga undir nafninu „the Finance Act, 1923", til þess að undanþiggja tekjuskatti (aukaskattur innifalinn) sem greiða ber á Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi skattárið 1923—24, er byrjar 6. apríl 1923, og öll skattár þar á eftir, allan arð sem stafar frá skipaútgerð sem rekinn er af einstaklingi búsettum á Íslandi eða af félagi sem rekur slíka atvinnu og stjórnar henni á Íslandi. Samkomulagið sem fellst í þessari grein fellur úr gildi ef og þegar er íslenzk lög hætta að veita þau hlunnindi sem um ræðir í 2. grein.

His Britannic Majesty's Government in Great Britain and the Royal Icelandic Government, being desirous of ensuring the reciprocal exemption from income tax in certain cases of profits accruing from the business of shipping, the following agreement has been concluded:

Article 1.

His Britannic Majesty's Government in Great Britain agree to take the necessary steps under Section 18 of the Act of Parliament of the United Kingdom known as the Finance Act, 1923, for exempting from income tax (including supertax) chargeable in Great Britain and Northern Ireland for the year of assessment 1923—24 commencing on the 6th day of April, 1923, and for every subsequent year of assessment ,any profits which accrue from the business of shipping carried on by an individual resident in Iceland or by a company managing and controlling such business in Iceland. The arrangements made in accordance with this Article shall cease to have effect if and so soon as the laws of Iceland cease to give the relief indicated in Article 2.

2. grein.

Konunglega íslenzka ríkisstjórnin hefir lýst því yfir, að samkvæmt lögum konungsríkisins Íslands um tekju- og eignarskatt, sé ekki hægt að leggja skatt á arð, sem stafar frá skipaútgerð sem rekin er af einstaklingi búsettum á Stóra-Bretlandi eða Norður-Írlandi eða af félagi, sem rekur slíka atvinnu og stjórnar henni á Stóra-Bretlandi eða Norður-Írlandi.

Article 2.

The Royal Icelandic Government have declared that under the laws of the Kingdom of Iceland regarding income tax and property tax, tax is not chargeable in respect of profits which accrue from the business of shipping carried on by an individual resident in Great Britain or Northern Ireland or by a company managing and controlling such business in Great Britain or Northern Ireland.

3. grein.

Orðið „skipaútgerð" merkir atvinnu rekna af eiganda skips, og þessu til frekari skýringar tekur orðið „eigandi" einnig til leigutaka skips.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir undirskrifað samning þenna og sett við innsigli sín.

Article 3.

The expression "the business of shipping" means the business carried on by an owner of ships, and for the purposes of this definition the expression "owner" includes any charterer.

In witness whereof the undersigned have signed the present agreement and have affixed thereto their seals.

Gert í tveim eintökum í London þann tuttugasta og sjöunda dag aprílmánaðar 1928.

Fyrir Ísland

P. A. Ahlefeldt-Laurvig.
(L. S.)

Done in duplicate at London this twenty-seventh day of April 1928.

Austen Chamberlain.
(L. S.)

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 4. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.